



Fræðslunefnd

FUNDUR – 15. mars 2007

Fundur haldinn í fræðslunefnd Blönduósbæjar fimmtudaginn 15. mars 2007, kl. 17:30 í leikskólanum Barnabæ. Mæting samkvæmt undirskriftum. Helga Kristín Gestsdóttir setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. **Starfsmannamál**
2. **Staða viðbyggingar**
3. **Starfsdagar leikskólans**
4. **Önnur mál**

Afgreiðslur:

1. Starfsmannamál

Jóhanna G. Jónasdóttir leikskólastjóri fór yfir starfsmannamál leikskólans. Búið er að ráða Kristínu Birgisdóttur í fast starf við leikskólann og einnig er búið að ráða Aldísi Hreinsdóttur í tímabundið starf vegna veikinda.

2. Staða viðbyggingar

Jóhanna fór yfir stöðu viðbyggingarinnar. Þar kom m.a. fram að verulega mun þrengja að starfseminni eftir sumarfrí, eins og t.d. eldhúsinu, vegna framkvæmda og verður að skoða það sérstaklega þegar nær dregur. Mun það verða unnið í samráði við verktaka.

3. Erindi frá leikskólanum um viðbótar starfsdag

Erindið gerir ráð fyrir að eftirleiðis verði tveir starfsdagar og einn námskeiðsdagur. Með erindinu fylgdi greinargerð þar sem fram kemur að þetta er mjög sambærilegt við önnur sveitarfélög. Nokkrar umræður urðu um málið og erindið samþykkt.

4. Önnur mál

Rætt var um sumarlokun leikskólans, en ákveðið hefur verið að hann verði lokaður í sex vikur.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 18:40

Helga Kristín Gestsdóttir (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)

Erla Ísafold Sigurðardóttir (sign.)

Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri (sign.)

Harpa Hermannsdóttir, fulltrúi starfsmanna (sign.)

Rakel Ýr Jónsdóttir, fulltrúi foreldrafélags (sign.)